

Fasteignaskattur

Reiknast af fasteignamati húss og lóðar. Matið er framkvæmt af Þjóðskrá Íslands samkvæmt V. kafla laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001. Álagning fasteignaskatts er gerð samkvæmt II. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með áorðnum breytingum. Álagningarprósenta hefur verið ákveðin á íbúðarhúsnæði 0,2%, á atvinnuhúsnæði 1,65% og á aðrar eignir 1,32%.

Lóðaleiga

Með heimild í lögum nr. 86/1943 sbr. lög nr. 68/1978, ákveður borgarstjórn leigugjald eftir lóðir og lönd sem borgin lætur á leigu. Leigugjaldið fyrir íbúðahúsalóðir er 0,2% af lóðamati þeirra en 1,0% fyrir atvinnulóðir. Atvinnulóðaleiga innheimtist með fasteignagjöldum.

Sorphirðugjald

Sorphirðugjald og gjald vegna endurvinnslustöðva er lagt á skv. 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Sorphirðugjaldið miðast við fjölda og stærð sorpílata við hverja húseign og losunartíðni ílát. Í fjöleignarhúsum er sorphirðugjöldum skipt eftir hlutfallstölu eigenda í viðkomandi sameign sbr. 43. og 45. gr. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994. Gjaldið er kr. 16.300 fyrir hverja 240L sorptunnu sem losað er á 10 daga fresti, kr. 8.150 fyrir hverja 240L sorptunnu sem losað er á 20 daga fresti og kr. 7.400 fyrir 240L tunnu fyrir pappírsúrgang sem losað er á 20 daga fresti. Fyrir hvert 660L sorpker sem losað er á 10 daga fresti er gjaldið kr. 44.825. Sé sorptunnum fjölgað, fækkað eða losunartíðni breytt á árinu miðast sorphirðugjaldið við þá viku sem breytingarnar fara fram. Þurfi að draga sorpílát lengra en 15 metra að sorpbíl til losunar leggst 4.000 kr. álag á ílát sem losað er á 10 daga fresti en 2.000 kr. álag á ílát sem losað er á 20 daga festi. Til að standa undir hlutdeild Reykjavíkurborgar í rekstri endurvinnslustöðva Sorpu bs er á hverja íbúð í Reykjavík lagt endurvinnslustöðvagjald kr. 5.265.

Lækkun fasteignaskatts hjá elli- og örorkulífeyrisþegum

Tekjulágir elli- og örorkulífeyrisþegar, sem engu lækkun á fasteignaskatti og fráveitugjaldi á liðnu ári, fá einnig að óbreyttu lækkun fasteignaskatts og fráveitugjalds fyrir árið 2012 að teknu tilliti til tekju- og eignaviðmiðunar. Fjármálaskrifstofa framkvæmir breytingar á fasteignaskatti og fráveitugjaldi eftir yfirferð skattframtala elli- og örorkulífeyrisþega. Það þarf því ekki að sækja sérstaklega um lækkun eða niðurfellingu þessara gjalda. Við álagningu fasteignaskatta í janúar verður afsláttur elli- og örorkulífeyrisþega til bráðabirgða miðaður við tekjur ársins 2010. Þegar álagning vegna tekna ársins 2011 liggur fyrir á þessu ári, verður afslátturinn endanlega ákvarðaður og verða þá allar breytingar tilkynntar bréflaga. Lækkun á fasteignaskatti og fráveitugjaldi er byggð á reglum sem borgarstjórn setur, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga og eru aðgengilegar á www.reykjavik.is/fasteignagjald

Álagning og innheimta

Fasteignaskattur, lóðaleiga fyrir íbúðarhúsalóðir og sorphirðugjald eru tryggð með lögveði í fasteigninni. Séu eigendur fleiri en einn bera þeir sameiginlega ábyrgð á greiðslu gjaldanna og verða sjálfir að annast skiptingu þeirra. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga ef ekki er greitt innan 30 daga frá gjalddaga, skv. 5. mgr. 4 gr., sbr. 1. mgr. 32. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga og III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Greiðendum fasteignagjalda er gefinn sá kostur að gera skil á fasteignagjöldum ársins 2011 með níu jöfnum greiðslum á gjalddögum 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september og 1. október. Gjalddagi gjalda undir kr. 25.000 og gjalda þeirra gjaldenda er völdu eingreiðslu fasteignagjaldanna er 1. maí. Innheimtuviðvörðun er send út eftir eindaga þar sem gjaldendum er gefinn kostur á að greiða kröfu svo komist verði hjá milli- og löginnheimtu gjaldanna

- Vakin er athygli á því að hægt er að greiða fasteignagjöldin með boðgreiðslum, upplýsingar um það eru í síma 411-1111 og www.reykjavik.is. Upplýsingar um beingreiðslur eru í þjónustubönkum og sparisjóðum.
- Umhverfis og samgöngusvið Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, veitir allar upplýsingar varðandi álagningu og breytingar á sorphirðugjaldi í síma 411-1111. Einnig má leita upplýsinga með tölvupósti á netfangið sorphirda@reykjavik.is.
- Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, veitir allar upplýsingar varðandi álagningu og breytingar á fasteignaskatti og lóðarleigu í síma 411-1111. Einnig má leita upplýsinga með tölvupósti á netfangið fasteignagjald@reykjavik.is.
- Reykjavíkurborg annast fruminnheimtu gjaldanna.
- Orkuveita Reykjavíkur annast álagningu og innheimtu vatnsgjalds og fráveitugjalds og veitir allar upplýsingar um þessi gjöld í síma 516-6000. Einnig má leita upplýsinga með tölvupósti á netfangið or@or.is.